
STÆKKUN FISKELDIS STOFNFISKS VIÐ VOGAVÍK, Sveitarfélaginu Vogum Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 3. janúar 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Stofnfisks að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar stækkunar fiskeldis Stofnfisks við Vogavík í allt að 450 tonna framleiðslu á ári með tilheyrandi vatnsvinnslu, Sveitarfélaginu Vogum samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.24 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Voga, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Stækkun fiskeldis Stofnfisks við Vogavík. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Stofnfiskur, Verkís, desember 2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Vogum með bréfi dags. 4. febrúar 2020.
- Fiskistofu með bréfi dags. 24. janúar 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 23. janúar 2020.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 23. janúar 2020.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 20. janúar 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 20. janúar 2020.
- Orkustofnun með bréfi dags. 12. febrúar 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. janúar 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 30. janúar, 17. og 18. febrúar 2020.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í eldisstöð Stofnfisks við Vogavík fer fram framleiðsla á laxahrognum ásamt áframeldi á sjógönguseiðum að kynþroska. Núverandi leyfi hljóða upp á 300 tonna framleiðslu á ári. Fyrirhugað er að sækja um leyfi fyrir allt að 450 tonna framleiðslu á laxi til kynbóta í eldisstöðinni og að byggja seiðaeldisstöð.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að áætlað sé að auka vinnslu á grunnvatni um allt að 250 l/sek af jarðsjó. Á meðan málsmeðferð stóð yfir kom hins vegar í ljós að hluta úr ári gæti komið upp sú staða að núverandi ferskvatnsholur gætu ekki náð að afkasta nógu miklu til að uppfylla vatnspörf stöðvarinnar. Því mun frummatsskýrsla fjalla um aukningu á vinnslu á jarðsjó um 250 l/sek og aukningu á vinnslu á ferskvatni um 100 l/sek.



Grunnvatn

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að boraðar hafa verið 11 holur til vinnslu á ferskvatni, ísöltu vatni og sjó á lóð Stofnfisks við Vogavík. Við undirbúning þeirra borana sem hafa átt sér stað hafi m.a. verið rannsakað vatnsmagn og afkastageta holanna. Einnig hafi verið undirbúin borun á nýrri holu fyrir jarðsjó. Þá liggi fyrir upplýsingar um mat á áhrifum vatnsvinnslu á svæðinu á neysluvatn. Í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir grunnvatni á svæðinu, vatnsvinnslu Stofnfisks til þessa og fyrirhugaðri vinnslu úr nýrri borholu á lóð fyrirtækisins. Byggt verði á fyrirliggjandi gögnum.

Í matsáætlun segir að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hafi reglubundið eftirlit með gæðum neysluvatns og mæli efnainnhald þess í vatnsbólí Sveitarfélagsins Voga. Einnig vakti Stofnfiskur efnainnihald vatnsins sem notað er í eldinu. Í frummatsskýrslu verði lagt mat á áhrif núverandi starfsemi á vatnsból Voga. Einnig hvaða áhrif fyrirhuguð aukning á vatnsvinnslu hafi á grunnvatnsstrauma sem renna til Vogavíkur. Þá verði lagt mat á hvort aukin grunnvatnsvinnsla muni hafa áhrif á nýtt vatnsból Voga, sem fyrirhugað er að taka í notkun og staðsett verður sunnan Reykjanesbrautar. Byggt verði á fyrirliggjandi upplýsingum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Stofnfisks um efnainnihald grunnvatnsins.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun og svör framkvæmdaraðila

Í umsögn Sveitarfélagsins Voga kemur fram að áform hafi verið uppi um nýtt vatnsból fyrir sveitarfélagið. Unnið hafi verið að skipulagsbreytingum en því ferli hefur verið slegið á frest á meðan annar valkostur verði athugaður. Sá valkostur felst í að lögð verði vatnslögn frá veitukerfi Reykjanesbæjar sem tengist dreifikerfi Voga. Ekki liggi fyrir hvenær ný vatnsöflun leysi núverandi vatnsból af hólmi. Því telur sveitarfélagið að gera þurfi ráð fyrir núverandi vatnsbólí í frummatsskýrslu.

Í umsögn Orkustofnunar við tillögu að matsáætlun er bent á að tafir gætu orðið á framgangi áforma Sveitarfélagsins Voga við flutning á vatnsbólí sveitarfélagsins suður fyrir Reykjanesbraut. Beinir stofnunin því til framkvæmdaraðila að kanna hvort ástæða sé til þess að skoða valkosti fyrir vatnsöflun ef mögulegar tafir á færslu vatnsbólí sveitarfélagsins hafa áhrif á framgang áforma Stofnfisks.

Í svörum Stofnfisks segir að ekki standi lengur til að gera nýtt vatnsból í Heiðarlandi sunnan Reykjanesbrautar og að HS veitur og Sveitarfélagið Vogar undirbúi nýja tengingu við veitukerfi Reykjanesbæjar. Fjallað verður um tengingu við veitukerfi Reykjanesbæjar í frummatsskýrslu. Ítrekað er að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir niðurstöðum vöktunar á vatnsbólí sveitarfélagsins á lóð Stofnfisks með hliðsjón af núverandi umfangi fiskeldisins. Fjallað verður um og metin áhrif framkvæmdarinnar á vatnsbólíð sem nú er í notkun.

Þá segir í svörum Stofnfisks að komið hafi í ljós að hluta úr ári geti sú staða komið upp að ferskvatnsholur, sem nýttar eru af Stofnfiski og sveitarfélaginu, nái ekki að afkasta vatnspörf stöðvarinnar. Því hafi verið ákveðið að kanna möguleika á að bora nýja ferskvatnsholu við stöðina. Í frummatsskýrslu verði fjallað um aukna vinnslu ferskvatns til viðbótar við áformaða vinnslu á jarðsjó.

Niðurstaða

Við meðferð málsins hefur komið í ljós að Sveitarfélagið Vogar er að kanna möguleika á að tengja dreifikerfi Voga við vatnslögn veitukerfis Reykjanesbæjar en ekki liggur fyrir hvenær sveitarfélagið getur hætt að nýta núverandi vatnsból. Með hliðsjón af þeirri óvissu þarf í frummatsskýrslu að fjalla um vatnsöflun Stofnfisks og áhrif hennar út frá mismunandi forsendum. Í fyrsta lagi þarf að fjalla um áformaða grunnvatnsvinnslu Stofnfisks og áhrif hennar miðað við að Sveitarfélagið Vogar fái vatn frá veitukerfi Reykjanesbæjar. Í öðru lagi þarf að fjalla um áformaða grunnvatnsvinnslu Stofnfisks og áhrif hennar miðað við að Sveitarfélagið noti núverandi vatnsból eða að tafir verða á að tengingu við veitukerfi Reykjanesbæjar verði komið á. Eftir atvikum þarf einnig að fjalla um



áformaða grunnvatnsvinnslu Stofnfisks og áhrif hennar miðað við að Sveitarfélagið Vogar færi vatnsból sitt suður fyrir Reykjanesbraut líkt og upphaflega var áætlað. Sé sveitarfélagið búið að afskrifa þann möguleika er sú umfjöllun óþörf.

Lífríki í fjörum og strandsjó

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir rannsókn á lífríki Vogavíkur. Um er að ræða rannsókn á lífríki fjöru og á botni sjávar, bakgrunnsgildi mengunarefna í sjó og uppsöfnun þeirra í lífríki á svæðinu. Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir lífríki svæðisins, tegundasamsetningu þess og verndargildi. Lagt verður mat á líkleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki fjöru og strandsjávar í Vogavík.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun og svör framkvæmdaraðila

Í umsögn Umhverfisstofnunar við tillögu að matsáætlun er bent á að í nýju starfsleyfi verði sett krafa um hreinsun frárennslis áður en því er hleypt í viðtaka. Stofnunin mun í starfsleyfi ákvarða losunarmörk út frá fóðurnotkun í eldi, hreinsun frárennslis og aðstæður við útrás í viðtaka. Mælingar á næringarefnum í frárennslis ættu að vera gerðar við hámarksframleiðslu til að varpa mynd á hámarksálag viðtaka og vera sett skýrt fram í frummatsskýrslu.

Umhverfisstofnun tekur fram að þær útrásir frárennslis sem sýndar eru í tillögu að matsáætlun uppfylla ekki kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Ýmist þurfi að laga útrásir til að uppfylla kröfur reglugerðar ellegar rökstyðja í frummatsskýrslu ef ómögulegt reynist að uppfylla kröfurnar og að sótt verði um undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar.

Umhverfisstofnun telur að í mati ætti að greina skýrt frá innihaldsmun á fóðri seiða og fóðri fiska í áframeldi og hversu mikið af fosfór og nitri fiskarnir taka upp á mismunandi þroskastigum.

Umhverfisstofnun telur gott að tekið sé fram í frummatsskýrslu magn efna eins og joðlausnar, formalíns og iðnaðarsápu, sem nýtt eru í eldinu, svo hægt sé að gera grein fyrir áhrifum þeirra í fráveitu. Að mati stofnunar þarf að koma fram í frummatsskýrslu hvort frárennslis með sápum og sótthreinsiefnum sé leitt í frárennslis með eldisvatni eða hvort það fari í rotþró með frárennslis frá starfsmannaaðstöðu.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að fjallað verði um mun á fóðri til seiðaeldis og áframeldis og upptöku fosfórs og niturs á mismunandi þroskastigum fiska. Þá verði gerð grein fyrir magni efna sem notuð eru í eldinu (s.s. joð, formalín, iðnaðarsápur) og hvort efnunum verði veitt til sjávar eða í rotþró. Stofnfiskur undirbúi framkvæmdir við að leggja frárennslislögn í sjó í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir þeim áformum.

Niðurstaða

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir innihaldi fóðurs fyrir seiði sem og innihaldi fóðurs fyrir fiska í áframeldi og gera grein fyrir upptöku fiska á fosfór og nitri á mismunandi þroskastigum. Auk þess þarf að gera grein fyrir magni þeirra efna sem notuð eru við eldi, s.s. joðlausnar, formalíns og iðnaðarsápu, afdrifum þeirra í fráveitu og mögulegum áhrifum þeirra á viðtaka.

Jarðmyndanir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að fjalla um áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir.

Umsagnir við tillögu að matsáætlun og svör framkvæmdaraðila

Í umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar er bent á að athafnasvæðið er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Stofnanirnar telja að gera eigi grein fyrir jarðfræði svæðisins og meta hana,



Niðurstaða

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um mismunandi valkosti á tilhögun frárennslis. Annars vegar þann kost að útrás frárennslis verði staðsett með sama hætti og í dag og hins vegar þann kost að frárennslis verði útfært með þeim hætti að það uppfylli kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp.

Auk þess þarf að fjalla um ólíka kosti varðandi vinnslu á grunnvatni, samanber umfjöllun í kafla hér á undan um grunnvatn.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Stofnfisks að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu skal fjalla um og bera saman áhrif ólíkra útfærslna á frárennslis. Skal sú umfjöllun að lágmarki ná til staðsetningar útrásar frárennslis eins og hún er í dag og útfærslu sem felur í sér tilhögun á frárennslis sem uppfyllir ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp.
2. Fjalla þarf um og bera saman ólíka tilhögun og áhrif grunnvatnsvinnslu með hliðsjón af þeirri óvissu sem uppi er um öflun Sveitarfélagsins Voga á neysluvatni. Því þarf að fjalla um a) vinnslu Stofnfisks á grunnvatni og áhrif þeirrar vinnslu miðað við núverandi staðsetningu á vatnsbóli sveitarfélagsins, b) vinnslu Stofnfisks á grunnvatni og áhrif þeirrar vinnslu miðað við að Sveitarfélagið Vogar tengist vatnsveitu Reykjanesbæjar og c) vinnslu Stofnfisks á grunnvatni og áhrif þeirrar vinnslu miðað við að vatnsból Sveitarfélagsins Voga færast suður fyrir Reykjanesbraut. Komi í ljós að sveitarfélagið hafi útilokað síðastnefnda kostinn er ekki þörf á að fjalla um hann.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir innihaldi fóðurs fyrir seiði sem og innihaldi fóðurs fyrir fiska í áframeldi og gera grein fyrir upptöku fiska á fosfór og nitri á mismunandi þroskastigum. Auk þess þarf að gera grein fyrir magni þeirra efni sem notuð eru við eldi, s.s. jöðlausnar, formalíns og iðnaðarsápu, afdrifum þeirra í fráveitu og mögulegum áhrifum þeirra á viðtaka.
4. Sýna þarf afstöðu mannvirkja til minja á korti eða loftmynd. Komi í ljós fornleifar í nágrenni við framkvæmdasvæði skal sýna útlínur þeirra á korti eða loftmynd.
5. Fjalla þarf um áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir. Gera þarf grein fyrir fyrir verndargildi þeirra jarðmynda sem framkvæmd kemur til með að raska, áætla umfang rasks og meta áhrif þess á verndargildi jarðmynda.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 8. júní 2020.

Reykjavík, 6. maí 2020.

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson